



Skrifstofa Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Egilsstaðir, 26. apríl 2023

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um Land og skóg, 858. mál

Eftirfarandi er umsögn umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings um frumvarp til laga um Land og skóg, 858. mál.

202303213 - Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Land og skóg, 858. mál

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis við frumvarp til laga um Land og skóg, 858. mál.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð felur formanni ráðsins að skila inn umsögn í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

Aðalskrifstofa Skógræktarinnar er á Egilsstöðum og hefur verið það allt frá því að hún var flutt frá Reykjavík árið 1990. Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings leggur áherslu á það að halda höfuðstöðvum hinnar nýju stofnunnar á Egilsstöðum. Í það minnsta skógræktar-anga stofnunarinnar.

Ljóst er að hér í sveitarfélaginu hefur byggst upp mikil þekking sem er dýrmæt fyrir allt samfélagið. Í því samhengi má nefna allar þær hliðarafurðir sem verða til fyrir samfélagið, allt frá loftslagsverkefnum í viðarvinnslu.

Ráðið leggur einnig ríka áherslu á það að halda þeim störfum sem að stofnunin er með hér í sveitarfélaginu og frekar bæta í en draga úr. Sveitarfélagið tæki því starfsfólki sem að kemur úr Landgræðslunni inn í sameiginlega stofnun fagnandi.

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings vill því áréttta mikilvægi þess að halda höfuðstöðvum lands- og skóga á Egilsstöðum.

Virðingarfyllt,

Sóley Valdimarsdóttir
Verkefnastjóri skipulagsmála

Múlaþing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is